

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 136/442**  
**komudagur 12.12.2008**



Alþingi  
Skrifstofa Alþingis  
Kirkjustræti  
150 Reykjavík

Reykjavík, 10.12.2008  
Tilv. 072/2007 - 1.05.02  
RMJ

**Efni:** Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum um verslun með áfengi og tóbak, nr. 63/1969, með síðari breytingum, 209. mál.

Lýðheilsustöð þakkar veitt tækifæri til umsagnar um ofangreint frumvarp. Ræða má um verð og fyrirkomulag sölu áfengis og tóbaks út frá ýmsum sjónarmiðum. Þessi umsögn takmarkast nær eingöngu við sjónarmið tengd forvörnum og heilsueflingu. Sú nálgun er í samræmi við lögbundið hlutverk Lýðheilsustöðvar, sem felst m.a. í því að veita stjórnvöldum ráðgjöf um aðgerðir til að efla lýðheilsu (3. gr. laga nr. 18 frá 2003 um Lýðheilsustöð). Umsögnin fjallar því ekki um málið út frá viðskiptafrelsi eða hagsmunum neytenda.

Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir því að Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins sé veitt lagaleg heimild til að leggja hlutfallslega álagningu á áfengi og tóbak.

Alþjóðaheilbrigðismálstofnuninni hefur ítrekað bent á að verðlagning á áfengi og tóbak sé góð leið til að draga úr neyslu áfengi og tóbaks. Út frá heilbrigðissjónarmiði er það því jákvætt að stoðum sé hér skotið undir úrræði sem talin er virkt úr frá forvarnasjónarmiði.

Meðfylgjandi er listi yfir heimildir þar sem fram kom áhrif verðs á neyslu áfengis og tóbaks. Einnig er slóð á íslenska samantekt úr bókinni *Alcohol no ordinary commodity* eftir Babor o.fl. (2005) en þar er m.a. farið yfir áhrif verðs á neyslu. ([http://www.lydheilsustod.is/media/afengi/Afengi\\_engin.pdf](http://www.lydheilsustod.is/media/afengi/Afengi_engin.pdf)).

#### Heimildir:

Anderson, P. og Baumberg, B. (2006). *Alcohol in Europe; A public health perspective*. Institute of Alcohol Studies, UK. Sótt 23. febrúar 2007 af [http://ec.europa.eu/health-eu/news\\_alcoholineurope\\_en.htm](http://ec.europa.eu/health-eu/news_alcoholineurope_en.htm) (Samantekt fylgir)

Babor, T. F., Caetano, R., Casswell, S., Edwards, G., Giesbrecht, N., Graham, K., Grube, J., Gruenewald, P., Hill, L., Holder, H., Homel, R., Österberg, E., Rehm, J., Room, R. &

Rossow, I. (2003). *Alcohol: No ordinary commodity—Research and public policy*. Oxford: Oxford University Press. (Þýdd samantekt fylgir)

Birckmayer, J. D., Holder, H. D., Yacoubian, G. S., og Friend, K. B. (2004). A general causal model to guide alcohol, tobacco, and illicit drug prevention: Assessing the research evidence. *Journal of Drug Education*, 34, 121-153.

World Health Organization. (2004). *What are the most effective and cost-effective interventions in alcohol control?* Kaupmannahöfn: World Health Organization. Sótt 24. mars 2007 <http://www.euro.who.int/document/E82969.pdf>

WHO Report on the Global Tobacco Epidemic, 2008 - The MPOWER package

<http://www.who.int/tobacco/mpower/en/index.html>

World Health Organization, Regional Office for Europe. The European Tobacco Control Report 2007.

<http://www.euro.who.int/Document/E89842.pdf>

World Bank. Tobacco control at a glance. Washington DC, 2003  
[www.worldbank.org/tobacco](http://www.worldbank.org/tobacco)

Virðingarfyllst



Þórólfur Þórlindsson  
forstjóri Lýðheilsustöðvar